



Reykjavík, 9. janúar 1997

Fr. Hafdís Ólafsdóttir
nefndarritari
Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Our reference:

Your reference:

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 709
komudagur 10 / 11 / 1997

Eins og Heilbrigðis- og trygginganefnd er kunnugt styður landlæknir framgang frumvarps til sóttvarnalaga sem lagt var fyrir Alþingi á 121. löggjafabingi þess 1996. Breytingar þær sem gerðar hafa verið á frumvarpinu varðandi samskipti sóttvarnarlæknis við heilbrigðisfulltrúa, heilbrigðisnefndir og dýralækna eru til bóta.

Landlæknir telur brýnt að umrætt frumvarp fái afgreiðslu sem fyrst enda eru verksemi sóttvarnalæknis m.a. umsjón með ónæmisaðgerðum í landinu, að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma, upplýsinga- og fræðslustarf um útbreiðslu þeirra innanlands sem utan, ásamt ráðgjafastarfi og umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum. Þetta eru verkefni sem í raun hvíla á Landlæknisembættinu en embættinu er afar þröngur stakkur búinn til að sinna því. Þörf er á sérhæfðum starfskrafti til þess.

Landlæknir vill einnig minna á að farsóttarnefnd sem var embættinu til ráðgjafar var lögð niður vorið 1995. Þá var það trú manna að frumvarpið yrði fljótlega að lögum enda væri þar gert ráð fyrir farsóttarráði með svipuðu hlutverki. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hefur slíkt ráð sérfróðra manna ekki starfað.

Í umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga er þess getið að sérfróður aðili sé nú í 30% starfi við embættið án þess að nokkur fjárveiting sé til þessa. Sú ákvörðun var hins vegar tekin að hálfu landlæknis til þess að mæta allra brýnustu þörfum vegna sóttvarnarhlutverks embættisins.

Virðingarfyllt,

Ólafur Ólafsson,
landlæknir